

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 15. desember 2016, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Jakob Fannar Hansen, Vilhjálmur Sveinsson, Ágúst Örlaugur Magnússon og Walter Fannar Kristjánsson. Alda Pálsdóttir og Fanný Björk Ástráðsdóttir boðuðu forföll.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. **Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2016.**

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu samantekt um afrek íþróttamanna sem eru með lögheimili í Hveragerði. Tilnefningar bárust frá Fimleikadeild Selfoss, Fimleikadeild Stjörunnar, Golfklúbbi Hveragerðis, badminton-, blak-, fimleika-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild Hamars, Lyftingafélagi Hengils og Íshökkísambandi Íslands. Nefndin ákvað hverjir hljóta viðurkenningar og útnefningu sem íþróttamaður Hveragerðis 2016.

Athöfnin verður haldin þriðjudaginn 29. desember kl. 17:00 í Listasafni Árnesinga.

2. **Varmahlíðarhús úthlutun - kynning**

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti umsóknir um dvöl listamanna í listamannahúsi bæjarins, Varmahlíð fyrir árið 2017. Menningar- og frístundafulltrúa ásamt formanni er falið að ganga frá úthlutun.

3. Fundargerð Landsmótsnefndar 50+ frá 8. nóvember 2016 lögð fram til kynningar.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:30

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Vilhjálmur Sveinsson, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Walter Fannar Kristjánsson, (sign)

Ágúst Örlaugur Magnússon, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)

